

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur	2
2. Almennt um 244. gr. almennra hegningarlaga	3
2.1. Inngangur	3
2.2. Einkenni þjófnaðarbrot	3
2.3. Um auðgunarásætning	4
2.4. Forsaga ákvæðisins	4
3. Refsihækkunarástæður og aukið saknæmi brots	6
3.1. Almennt um refsihækkunar- og refsihækkunarheimildir	6
3.2. Nánar um hina sérstöku refsihækkunarheimild 2. mgr. 244. gr. hgl	6
3.3. Aukið saknæmi brots	8
3.4. Sérregla 255. gr. hgl. um ítrekun auðgunarbrot	8
3.5. Stórfelld þjófnaðarbrot og refsihækkunarheimildir	8
4. Hvaða brot teljast stórfelld þjófnaðarbrot?	10
4.1. Almennt	10
4.2. Dómar þar sem brot er heimfært sérstaklega undir 2. mgr. 244. gr. hgl.	11
4.3. Dómar þar sem þjófnaðarbrot er sagt stórfellt án þess þó að vísað hafi verið til 244. gr. 2. mgr. hgl.	12
4.4. Dómar þar sem verðmæti þýfis er mikið, en þjófnaðarbrotin ekki sögð stórfelld í dómtexta	15
5. Niðurstöður	17
Heimildaskrá	20
Dómaskrá	21

1. Inngangur

Í þessari ritgerð ætlar höfundur að fjalla um þjófnaðarbrot, þar eða að segja brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hér eftir skammstöfuð sem hgl. Nánar tiltekið mun vera fjallað um þá þætti sem valda því að brot gegn ákvæðinu telst stórfellt, og áhrif þessara þátta á viðurlög. Auk þessa verður fjallað um nokkrar ástæður sem orðið geta þess valdandi að refsing fyrir brot þyngist.

Í fyrstu verður reynt að varpa ljósi á bakgrunn og forsögu ákvæðisins, en ákvæðið hefur breyst nokkuð í árunna rás, auk þess sem viðurlög hafa sömuleiðis þróast í átt til þess sem við þekkjum nú. Margt hefur breyst hvað varðar refsingar, en fyrr á öldum voru refsingar fyrir þjófnaðarbrot oft mjög harðar. Ef þjófnaðarbrot var mjög stórfellt gat refsing fyrir brotið jafnvel numið lífláti.

Svo mun vera fjallað almennt um refsihækkunarheimildir, og þá í samhengi við stórfelldan þjófnað. Sérstaklega mun svo vera minnst á ítrekun þjófnaðar en þegar um þjófnaðarbrot er að ræða er það mjög gjarnan liður í síbrotastarfsemi og mjög oft um ítrekuð brot að ræða. Nánar verður svo fjallað um samverknað, en samverknaður verkar allajafna til refsipýngingar fyrir þjófnaðarbrot sem og önnur brot hegningarlagna.

Síðan mun vera fjallað um hina sérstöku hækkunarheimild 2. mgr. 244. gr. hgl., en sú málsgrein tiltekur að einhverju leyti hvað teljist vera stórfellt þjófnaðarbrot. Út frá því verður svo fjallað nánar um stórfelld þjófnaðarbrot og verður við það litið til dómaframkvæmdar Hæstaréttar. Af dómaframkvæmd má ráða til hvaða þátta dómara líta þegar viðurlög eru ákveðin og getur þá haft þýðingu hversu umfangsmikið þjófnaðarbrot er. Stærstum hluta ritgerðarinnar verður varið í skoðun á dómaframkvæmdinni og verða dómur frá 1940 þegar almennu hegningarlögin tóku gildi, til dagsins í dag teknir fyrir. Í fyrstu dómur þar sem brot hefur verið heimfært undir 2. mgr. 244. gr. hgl., svo dómur þar sem ekki hefur verið vísað til 2. mgr. 244. gr. hgl. en Hæstiréttur metur eftir sem áður sem stórfelld. Sést það best af orðalagi þeirra dóma að þjófnaðarbrotin eru talin stórfelld. Að endingu svo teknir fyrir dómur þar sem sérstaklega hefur verið minnst á að verðmæti þýfis sé mikið. Í þeim dómum hefur verið tekið tillit til mikils verðmætis þýfis við ákvörðun refsingar og hefur það þyngingaráhrif fyrir hina brotlegu. Má ráða af hinu sérstaka tilliti sem tekið er til verðmætis þýfis að þjófnaðarbrotin eru metin sem stórfelld þó af orðalagi textans sjálfs megi ekki lesa að brotin sem slík séu stórfelld.

2. Almenn um 244. gr. almennra hegningarlaga

2.1. Inngangur

Brot gegn ákvæði 244. gr. hgl. eru mjög algeng og eru þau meðal algengustu brota hegningarlaganna. Á vef ríkislögreglustjóra kemur fram að tilkynnt hafi verið um 6.177 auðgunarbrot árið 2007, þar af voru þjófnaðir og innbrot 87% þeirra en tilkynnt var um 3.000 þjófnaði og 2.277 innbrot þetta ár.¹

Ákvæði 244. gr. hgl., er staðsett í auðgunarbrotakafli almennu hegningarlaganna nr. 19/1940 en í ákvæðinu segir:

Þjófnaður á fjármunum eða orkuforða varðar fangelsi allt að 6 árum. Ef þjófnaðarbrot er sérstaklega stórfellt, svo sem vegna verðmætis þess, sem stolið var eða hvernig hinu stolna eða geymslu þess var háttáð, vegna aðferðarinnar, sem höfð var við þjófnaðinn, eða hættu sem honum var samfara, svo og þegar þjófnaður er framinn af mörgum í sameiningu eða sami maður hafi gerst sekur um marga þjófnaði, þá skal refsing að jafnaði ekki vera lægri en 3 mánaða fangelsi.

Hugtakið þjófnaður er hvergi skilgreint í hegningarlögunum sjálfum. Byggt er á því að hugtakið sem slíkt liggi ljóst fyrir í réttarvitund almennings. En í greinargerð frumvarpsins til almennra hegningarlaga segir svo um 244. gr. hgl.:

Ekki þykir ástæða til að skýrgreina í lögum þjófnaðarbrotið, þar eð enginn vafi mun á því leika, hvorki í réttarfræði né framkvæmd, hvað í því hugtaki á að felast. Hugtakið er þó rýmkað hér að því leyti, að þjófnaður getur náð til orkuforða. Lágmark refsingar samkvæmt 2. mgr. er lægsta stig fangelsis, sbr. 1. mgr. Er hér aðeins heimild til hækkunar, og tilfelli þau, sem nefnd eru, aðeins dæmi um stórfelld þjófnaðarbrot.²

Engu að síður hafa fræðimenn reynt að skýrgreina hugtakið og þeirra á meðal Gizur Bergsteinsson þáverandi hæstaréttardómari og gerir hann það á eftirfarandi hátt:

Skýrgreining þjófnaðar: Taka fémætra hluta eða orku, sem er eign annars manns, úr vörzlum umráðamanns með leynd til þess í auðgunarskyni að láta fémætið renna í eign fremjanda eða annars manns en hins rétta eiganda.³

2.2. Einkenni þjófnaðarbrot

Eitt megineinkenni þjófnaðarbrot, sem einkennir þjófnaðarbrot meðal annars frá gripdeild, sbr. 245. gr. hgl.⁴ er að brotin eru framin í leynd. Hinn brotlegi fremur verknaðinn í þeirri

¹ Vefsíða ríkislögreglustjóra: „Afbrotatölfræði 2007“, <http://www.rls.is>.

² Alþt. 1939, A-deild, bls. 394- 395.

³ Gizur Bergsteinsson: „Auðgunarbrot“, bls. 5.

vissu að upp um hann komist ekki, eða ekki hafi sést til hans. Huglægt mat hins brotlega sem skiptir hér máli. Hinn brotlegi sjálfur verður að vera þess áskynja að ekki hafi sést til hans við verknaðinn. Um þjófnaðarbrot getur því verið að ræða þó einhver sjái til brotsins, það sem skiptir hér máli er að þjófurinn sjálfur hafi ekki vitað að til hans hafi sést. Þó refsing fyrir gripdeild sé ákvörðuð út frá refsisjónarmiði þjófnaðarákvæðis 244. gr. hgl. er þó sá meginmunur á þessum tveimur auðgunarbrotategundum, að gripdeildarbrot hafa ekki að bera eiginleikann um að yfir brotinu þurfi að vera leynd svo refsiverður verknaður falli þar undir.

Þjófnaður tilheyrir flokki fjármunabrota sem og önnur auðgunarbrot, en verndarhagsmunir fjármunabrota eru hverskonar fjárhagsleg verðmæti. Auðgunarbrot einkennast svo enn fremur af því að um er ræða ólögsmæta yfirfærslu verðmæta til annarra manna eða lögaðila, sem ekki hafa rétt til umráða yfir þeim.⁵

Í ákvæði 244. gr. hgl. kemur svo fyrir hugtakið „fjármunir“. Með fjármunum er átt við áþreifanleg (efnisleg) verðmæti. Þjófnaður í lagaskilningi á því ekki við um hagnýtingu heimildarlaust á t.d. tónverki, nafni, æru, skáldsögu eða uppfinningu. Skerðing á slíkum réttindum varðar við önnur lög.⁶

2.3. Um auðgunarásetning

Samkvæmt 243. gr. hgl.⁷ þá gildir um öll auðgunarbrot í kaflanum að til staðar þurfi að vera skilyrði um ásetning til brots, svonefndur auðgunarásetningur. Ásetningurinn þarf að ná til þess að afla sér eða öðrum fjárvinnings á kostnað annars, sem þá verður fyrir fjártjóni. Auðgunarbrot eru því þannig fólgin í ólöglegri yfirfærslu verðmæta frá einum manni (aðila) til annars.⁸

Ef auðgunarásetningur er ekki til staðar við brot, er ekki hægt að telja að um auðgunarbrot sé að ræða, heldur getur það verið brot samkvæmt einhverjum öðrum ákvæðum. Þetta er því eitt einkenna þjófnaðarbrotanna sem og annarra auðgunarbrotanna.

2.4. Forsaga ákvæðisins

Árið 1869 ákvað Kristján níundi Danakonungur að gefa út almenn hegningarlög fyrir Ísland og voru þau lög gefin út þann 25. júní 1869.⁹

⁴ Ákvæði 245. gr. hgl. segir svo: „Gripdeild varðar sömu refsingu sem þjófnaður“.

⁵ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 62.

⁶ Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot*, bls. 27.

⁷ Í 243. gr. hgl. segir: „Fyrir brot þau, er í þessum kafla getur, skal því aðeins refsa að þau hafi verið framin í auðgunarskyni“.

⁸ Jónatan Þórmundsson: „Auðgunarásetningur“, bls. 340.

⁹ Lovsamling for Island: 1868-1870, bls. 173.

Lög þessi þóttu vel samin og voru á sínum tíma mikilvæg réttarbót á sínu sviði. Um þjófnað og gripdeild var fjallað í 23. kapitula laganna. Um almennan þjófnað var fjallað í 230. gr. hegningarlagna frá 1869, og varðaði refsing fyrir þjófnaðarbrot, þar eð svokallað einfalt þjófnaðarbrot, fangelsisvist við vatn og brauð, ekki skemur en 5 daga. Hugtakið „einfalt þjófnaðarbrot“ var notað um þjófnaðarbrot sem einstaklingur framdi í fyrsta sinn. Ef miklar sakir voru, meðal annars með tilliti til verðmætis þess sem stolið var mátti þyngja refsinguna allt upp í 2 ára betrunarhúsvinnu. Í ákvæði 231. gr. laganna gat svo um stórþjófnað. Refsing fyrir stórþjófnað gat verið allt upp í 8 ára hegningarvinnu fyrir fyrsta brot. Nánari útlistun á hvað taldist stórþjófnaður var svo getið síðar í ákvæðinu. Það sem taldist til stórþjófnaðar var meðal annars þjófnaður á búpeningi, kirkjumunum og pósti auk þess sem það taldist til stórþjófnaðar ef þjófur greip til vopna eða braust inn í vistarverur í þeim tilgangi að komast yfir verðmæti.¹⁰ Sérstaklega þótti svo rétt að þyngja refsingu, ef þjófur komst inn í híbýli manna eða herbergi að næturþeli með því að klifra yfir hús, múr eða girðingu auk þess ef hann fór inn um glugga eða önnur þess háttar op, eða ef hann læddist inn í skjóli nætur í þjófnaðarskyni.¹¹

Ítrekunarákvæði var svo að finna í 232.- 234. gr. laganna. Voru þau ákvæði nokkuð flókin, og skipti miklu máli hversu oft brotið hefði verið gegn ákvæðinu. Viss refsing ákveðin fyrir brot í annað sinn, hærri refsing fyrir brot í þriðja sinn og brot í fjórða sinn eða oftast hafði í för með sér enn þyngri viðurlög. 234. gr. laganna sagði svo:

Steli maður í 4.sinn eða optar, þá varðar það hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 10 árum¹², ef seinasti þjófnaðurinn er einfaldur, en ef það er stórþjófnaður þá í 2 ár eða lengur allt að 16 árum, eða æfilangt ef mjög miklar sakir eru.¹³

Lög þessi giltu í langan tíma, en svo kom að því að þjóðfélagsaðstæður fóru að breytast frá því sem áður var, auk þess sem almenn réttarfræði þróaðist. Gömlu ákvæðin áttu nú ekki við að öllu leyti. Í kjölfar þessa umróts í þjóðfélaginu og breyttra hátta, var ákveðið að setja ný hegningarlög.¹⁴

Frumvarp til almennra hegningarlaga nr. 19/1940 var sett fram af allsherjarnefnd Alþingis árið 1939. Um var að ræða miklar breytingar frá lögunum sem sett höfðu verið 1869. Efnisskipan auðgunarbrotanna var meðal annars breytt mjög mikið, auk þess sem ákvæði um

¹⁰ Lovsamling for Island: 1868-1870, bls. 228- 229.

¹¹ Gizur Bergsteinsson: „Auðgunarbrot“, bls. 4.

¹² Virðist hér vera um stafsetningarvillu að ræða. Líklegast hefur verið átt við orðið árum.

¹³ Lovsamling for Island: 1868-1870, bls. 230.

¹⁴ Alpt. 1939, A-deild, bls. 352.

ítrekun voru gerð einfaldari en áður hafði verið.¹⁵ Var við samningu frumvarpsins mjög byggt á dönsku hegningarlögunum frá 15. apríl 1930. Einnig var höfð hliðsjón af ýmissi annarri erlendri refsilöggjöf og frumvarpa til refsilaga og haft fyrir augum, hvað henta myndi best hér á landi.¹⁶

Þjófnaðarákvæðið var nú komið í 244. gr. nýju laganna. Taka má fram að enn þann dag í dag hafa ekki verið gerðar neinar breytingar á ákvæðinu frá því að lögin voru sett 1940.

3. Refsihækkunarástæður og aukið saknæmi brots

3.1. Almennt um refsilækkunar- og refsihækkunarheimildir

Talað er um refsilækkunar- eða refsihækkunarástæður (heimildir) þegar lög ákveða sérstök refsimörk vegna tiltekinnna lögmæltra atvika eða atriða, er tengjast afbroti. Þessar heimildir geta svo meðal annars verið almennar eða sérstakar. Almennar heimildir gilda án tillits til brotategundar og flokkast meðal annars 2. mgr. 20. gr. hgl. og 2. mgr. 77. gr. hgl.¹⁷ Þar undir. Sérstakar refsilækkunar- og refsihækkunarheimildir eru svo nokkrar og meðal þeirra er hin sérstaka hækkunarheimild 2. mgr. 244. gr. hgl.¹⁸

3.2. Nánar um hina sérstöku refsihækkunarheimild 2. mgr. 244. gr. hgl.

Ákvæði 2. mgr. 244. gr. hgl. tiltekur ákveðna lágmarksrefsingu, 3 mánaða fangelsi en þá þarf þjófnaðarbrotið að teljast stórfellt. Í ákvæðinu eru tilgreind nokkur dæmi um stórfelld þjófnaðarbrot, en sú upptalning þó ekki tæmandi. Er því hér um heimildarákvæði að ræða (fakultatíva reglu) en ekki skyldubundið ákvæði (obligatoríska reglu), þar sem ekki er heimild til hækkunar umfram almennt refsihámark, og hið lögmælda lágmark er hið sama sem í 1. mgr. Heimildin er einungis fólgin í því að refsing skuli „að jafnaði ekki vera lægri en 3 mánaða fangelsi.“¹⁹

Þegar lítið er til refsihækkunarástæðna sem lítið er til við dómaframkvæmd má sjá að ekki er oft vitnað til 2. mgr. 244. gr. hgl. beint og hefur þessi refsihækkunarheimild því lítið raunhæft gildi í sjálfu sér, heldur má segja að þessar ástæður séu aðeins árétting á hinum

¹⁵ Alþt. 1939, A-deild, bls. 394.

¹⁶ Alþt. 1939, A-deild, bls. 45.

¹⁷ Ákvæði 2. mgr. 20. gr. hgl. segir svo: „Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn sem fullfremja slík brot“. Í ákvæði 2. mgr. 77. gr. hgl. segir svo að dómstólum sé heimilt að ef maður er samtímis dæmdur fyrir eitt stórt brot og eitt lítið brot að beita jafnvel lægsta stigi þeirrar refsingar sem liggi við stærra brotinu.

¹⁸ Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 248.

¹⁹ Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot*, bls. 69.

almennu refsíákvörðunarsjónarmiðum í 70. gr. hgl.²⁰ Má þar meðal annars nefna að í 3. tölul. 70. gr. hgl. kemur fram að það geti leitt til refsilækkunar eða refsihækkunar, hversu mikil hætta hefur stafað af brotaverkinu, með tilliti til hvernig það er framkvæmt. Ákvæði 2. mgr. 244. gr. hgl. áréttir svo enn frekar, að háskalegar verknaðaraðferðir geti leitt til refsihækkunar.

Í 2. mgr. 70. gr. hgl. er svo fjallað um samverknað, en samverknaður verkar allajafna til refsipýngingar. Í 2. mgr. 244. gr. hgl. er tiltekið að brot framið af tveimur, eða fleiri mönnum í sameiningu verki sem refsihækkunarástæða. Er því hér enn og aftur um sérstaka áréttingu að ræða sem 2. mgr. 244. gr. hgl. felur í sér. Til að um samverknað sé að ræða þurfa báðir eða allir aðilar að standa nokkurn veginn jafnt að vígi um ákvarðanir og framkvæmd verksins.²¹

Eðli máls samkvæmt þá er brot alvarlegra ef fleiri en einn stendur að því, og virkar samverknaður því sem refsipýngingarástæða innan hinna almennu refsimarka, sbr. 2. mgr. 70. gr. hgl.

Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má ráða að mjög oft sé um samverknað að ræða við þjófnaðarbrot. Virðist það vera vegna þess að auðveldara er að komast yfir verðmæti ef fleiri eru um verkið. Samverknaður er því bæði refsipýngingarástæða, auk þess sem mun líklegra er að þjófnaðarbrot teljist stórfellt ef um samverknað við þjófnaðarbrot er að ræða

Ákvæði 2. mgr. 244. gr. hgl. er svo eitt nokkurra lagaákvæða sem hafa að geyma einskonar ítrekunargildi, þ.e. það líkist ítrekunarheimild (sami maður gerist sekur um marga þjófnaði), en felur ekki í sér slíka heimild formlega séð.²² Frekar er því hægt að segja að um brotsamsteypu (concursum) sé að ræða í tilvikum sem á þessa ítrekunarheimild reynir. Ef um ítrekun er að ræða er yfirleitt litið til hins sérstaka ítrekunarákvæðis 255. gr. hgl.

Að endingu má hér nefna tvo dóma þar sem Hæstiréttur hefur vísað beint til 2. mgr. 244. gr. hgl. og ákvarðað viðurlög fyrir þjófnaðarbrot með vísan til þess ákvæðis.

Hrd. 1999, bls. 3975 (312/1999). Þar var R ákærður og dæmdur fyrir að hafa í félagi við aðra menn brotist inn í fjölda sumarþústaða og stolið þaðan miklum verðmætum, auk þess sem þeir ollu miklum eignarspjöllum. Var við ákvörðun refsingar haft til hliðsjónar að þeir frömdu verknaðinn af mikilli einbeiti og höfðu á brott með sér fjölmarga verðmæta muni, auk þess verknaðurinn var framinn í sameiningu. Brot þeirra voru talin varða við 2. mgr. 244. gr. hgl. Refsing ákærða var ákveðin 6 mánuðir en rétt þótti að fresta fullnustu þriggja mánaða.

Hrd. 1961, bls. 124. Ákærði braust inn í geymsluskúr ásamt tveimur öðrum mönnum og stal þaðan þremur pökkum af af dynamíti. Vísað var til við ákvörðun refsingar að um hættulegt efni væri að ræða auk þess sem brotist hefði verið inn og var brot hans heimfært til 2. mgr. 244. gr. hgl. og refsing hans hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsisvist.

²⁰ Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot*, bls. 69.

²¹ Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 145.

²² Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 281.

Af fyrri dómnum má sjá að Hæstiréttur hefur litið til hinna sérstöku þátta sem 2. mgr. 244. gr. hgl. felur í sér og metur sem svo að verknaðurinn sé þess eðlis, að heimfæra beri brotið til 2. mgr. 244. gr. hgl. í stað þess að refsa beint á grundvelli 244. gr. hgl. eins og oftast er gert. Seinni dómurinn er af svipuðum toga. Litið hefur verið til þess að um hættulegt þýfi er að ræða og þar af leiðandi stafi mikil hætta af verknaðinum og því sé vísað til 2. mgr. 244. gr. hgl.

3.3. Aukið saknæmi brots

Að mörgu er að huga þegar verið er að meta eðli hvers brots fyrir sig. Auk hinna lögmæltu refsiaðkvörðunarástæðna sem áður hafa verið nefndar fléttast inn í fleiri ástæður sem valda því að viðurlög beri að þyngja fyrir brot og má þar nefna aukið saknæmi brots. Ef verið er að meta ástæður sem geta valdið því að saknæmi eykst fyrir þjófnaðarbrot ber fyrst að líta á ástæður sem hegningarlögin sjálf nefna og ber þar að nefna ákvæði 70. gr. hgl. auk 2. mgr. 244. gr. hgl. Þau ákvæði gefa upp ýmis matskennd atriði sem líta ber til og hefur við dómaframkvæmd myndast viss mælikvarði þar sem koma saman ýmis lögmælt atriði samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum auk annarra atriða sem eðli máls samkvæmt ber að nefna sem þyngingarástæður.

Ýmis konar atvik geta valdið því að saknæmi þjófnaðarbrot eykst. Má þar nefna t.d. vítaverða aðferð svo sem skemmdir eða eyðileggingu á verðmætum, innbrot í einkaheimili, skipulagning verks og hættueiginleikar þýfis en hættulegt þýfi má nefna skotvopn, sprengiefni eða lyf. Að auki getur saknæmi brots aukist ef um er að ræða, að verkið sé liður í víðtækari brotastarfsemi af sama tagi til dæmis vasabjófnaður eða búðabjófnaður.²³

3.4. Sérregla 255. gr. hgl. um ítrekun auðgunarbrot

Í 255. gr. alm. hgl. má finna sérreglu um ítrekun og á sú regla sameiginleg öllum auðgunarbrotum skv. XXVI. kafla laganna. Eru ítrekunartengsl milli allra auðgunarbrot kaflans, sama hvaða ákvæði á við um brotin. Samkvæmt ákvæðinu geta ítrekunaráhrif valdið því að refsing getur hækkað um allt að helming (50%) miðað við þá refsingu sem maður hefði annars hlotið. Ef menn eru dæmdir oftari en einu sinni getur brot varðað allt að tvöfalt þyngri refsingu en annars hefði verið.

3.5. Stórfelld þjófnaðarbrot og refsihækkunarheimildir

²³ Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot*, bls. 73.

Af umfjöllun nú má sjá til hvers litið er við ákvörðun refsingar fyrir þjófnaðarbrot. Tekið hefur verið fram að 2. mgr. 244. gr. hgl. nefni nokkra þætti sem metnir eru þegar litið er til þess hvort brot teljist stórþjófnaður eður ei. Sjá má af því að þættir í broti, eins og ítrekun og samverknaður leiði allajafna til þess að brot sé metið alvarlegri augum af dómstólum. Upptalning þessi er þó ekki tæmandi og í ljósi þess er best að ráða það af dómaframkvæmd til hvaða atriða er litið.

Ákvæði 70. gr. hgl. hefur svo að geyma 9 töluliði sem geta ýmist leitt til refsilækkunar eða refsilyngingar innan hinna almennu refsimaraka laga eða sérrefsimaraka. Er oft vitnað í þessi ákvæði í dómum þegar verið er að meta hvaða viðurlög séu réttmæt fyrir brot. Ef dómstóllinn metur einhverjar þyngingarástæður vera til staðar fyrir brot þá er það yfirleitt vegna eðlis brotsins sem slíks eða hegðun brotamanns fyrir og eftir brotið eins og nánar er getið í ákvæðinu sjálfu. Við ákvörðun viðurlaga fyrir þjófnaðarbrot getur því jafnvel komið til þess að brot sem aðeins varði litlar fjárhæðir geti talist alvarlegra brot, vegna aðferðarinnar sem beitt er við þjófnaðinn.

Verða hér nú nefndir nokkrir dómar þar sem vissar refsilyngingarástæður voru taldar vera fyrir hendi.

Hrd. 5. júní 2008 (622/2007). Þar var kona dæmd fyrir innbrotsþjófnað. Var það metið til refsilyngingar að ákærða fór í heimildarleysi inn í íbúðarhús. Þjófnaðurinn sjálfur var þó aðeins smávægilegur.

Hrd. 2005, bls. 1588 (484/2004). Maður dæmdur fyrir innbrotsþjófnað. Var það metið honum til refsilyngingar að ákærði braust inn í geymslur er tilheyrðu íbúðarhúsnæði og framdi það brot í félagi við annan mann.

Hrd. 2004 ,bls. 3304 (177/2004). Maður hér dæmdur fyrir nokkra innbrotsþjófnaði. Við ákvörðun viðurlaga fyrir brotið var litið til þess að ákærði leitaðist við að brjótast inn í fyrirtæki og heimili til að stela þaðan verðmætum og væri því um óslitna brotastarfsemi að ræða. Talið var að þrátt fyrir ungan aldur ákærða væri ekki hægt að líta framhjá þessari tilhneigingu hans og þar af væri hægt að telja hann vanaafbrotamann og því væri hægt að meta það honum til refsihækkunar.

Hrd. 8. maí 2008 (499/2007). Maður ákærður fyrir nokkur þjófnaðarbrot. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að ákærði hefði lagt í vana sinn að brjótast inn í bifreiðar í þjófnaðarskyni og hefði því valdið fjölda fólks tilfinningalegu tjóni.

Hrd. 3. maí 2007 (42/2007). Hér var maður dæmdur fyrir nokkur þjófnaðarbrot. Virt var ákærða til refsilyngingar að hann hafði áður verið dæmdur til þunga refsingar fyrir brot. Hann væri síbrotamaður og hefði framið innbrot í félagi við aðra. Brotahrina hans væri löng og hann hefði sýnt einbeittan brotavilja og reynt að hylja slóð sína eftir fremsta megni. Einnig höfðu hér fyrri brot ítrekunaráhrif.

Sjá má hér í nokkrum þessara dóma að lýst er ákveðnum eiginleika sem sé sérstaklega verður til refsipýngingar, og er það innbrot í íbúðarhúsnæði. Stafar það af því að þjófnaður á fjármunum á einkaheimilum er fólki oft þungbærara en þjófnaður á fjármunum í eigu fyrirtækis. Sést það best á því að ef stolið er munum sem hafa mikið persónulegt gildi þá er þjófnaður á slíku oft óbætanlegur fyrir einstaklinga, hvað þá ef munirnir koma ekki í leitirnar aftur.

Sjá má hér einnig að tillit er tekið til þess að fólk hefði orðið fyrir tilfinningalegu tjóni við það að brotist hefði verið inn í bifreiðar þeirra.

Einnig má hér sjá að litið er á einbeittan brotavilja til refsipýngingar og einnig það að ákærði hefði reynt að hylja slóð sína. Með því athæfi er verið að gera yfirvöldum erfiðara fyrir við rannsókn brotsins. Einnig horft til þess í þeim dómi að ákærði hefði haldið áfram að fremja afbrot þrátt fyrir að hafa áður hlotið þunga refsingu. Einbeittur brotavilji verkar þó til refsipýngingar við öll hegningarlagabrot eðli máls samkvæmt en einkennandi fyrir þjófnaðarbrot sem og önnur auðgunarbrot að þau eru alltaf framin af ásetningi, kemur þar fram krafan um að auðgunarásetningur þurfi að vera til staðar svo um þjófnaðarbrot sé að ræða.

Sjá má svo einnig að ef um óslitna brotastarfsemi er að ræða, þ.e. þjófnaðarbrotin eru liður í óslitinni brotastarfsemi, verki það til refsipýngingar. Víðtæk brotastarfsemi eykur þar með saknæmi brotsins.

Annað hugtak sem kemur svo oft fyrir hér sem annarsstaðar er „vanaafbrotamaður“. Er það ávallt metið til refsihækkunar ef sá brotlegi er talinn vanaafbrotamaður. Vanaafbrotamaður, eins og nafnið bendir til er einstaklingur sem hefur lagt í vana sinn að fremja afbrot. Fremur hann brotin í sífellu og á því oft á sama tíma ótal mál óuppgerð í réttarkerfinu. Ákvæði 72. gr. hgl. fjallar um vanaafbrotamenn.²⁴

4. Hvaða brot teljast stórfelld þjófnaðarbrot?

4.1. Almenn

Í ákvæði 1. mgr. 244. gr. hgl. er tiltekið að brot gegn ákvæðinu geti varðað fangelsi allt að 6 árum. Þarf þjófnaðarbrot að teljast sérstaklega stórfelld svo hin sérstaka refsihækkunarheimild 2. mgr. 244. gr. hgl. eigi við. Í ákvæðinu er greint frá atvikum sem geta valdið því að

²⁴ Hljóðar ákvæði 72. gr. svo: „Hafi maður lagt það í vana sinn að fremja brot, einnar tegundar eða fleiri, eða hann gerir það í atvinnuskyni, má auka refsinguna svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Eigi ítrekun á þessu sér stað, má refsingin tvöfaldast“.

þjófnaðarbrotið teljist stórfellt en nú verður fjallað nánar um þau atriði sem ákvæðið nefnir, auk annarra atvika sem varða stórfelldan þjófnað . Verður hér í þessum kafla því litið til dómaframkvæmdar og nokkrir dómur Hæstaréttar reifaðir, þar sem rétturinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að um stórfelld þjófnaðarbrot sé að ræða.

4.2. Dómur þar sem brot hefur verið heimfært sérstaklega undir 2. mgr. 244. gr. hgl.

Yfirleitt vísa dómstólar almennt í 244. gr. hgl. en heimfæra brot ekki sérstaklega undir 2. mgr. 244. gr. hgl. Það er þó af nokkrum dómum að taka í dómaframkvæmd þar sem dómstólar tiltaka sérstaklega 2. mgr. 244. gr. hgl. í úrlausnum sínum. Má þá nefna *Hrd. 1999, bls. 3975 (312/1999)* og *Hrd. 1961, bls. 124* sem áður hafa verið reifaðir. Fleiri dómur koma þó einnig til skoðunar.

Hrd. 1940, bls. 468. Ákærði var dæmdur fyrir að hafa tekið þátt í innbroti í verslun ásamt nokkrum ungum drengjum. Þáttur ákærða í brotinu var sá að hafa staðið á verði meðan drengirnir brutu sér leið inn með því að brjóta rúðu í versluninni. Var við ákvörðun refsingar tekið mið af því að aldursmunur væri á ákærða og drengjunum og því að ákærði væri einskonar hvatamaður að brotinu og var brot hans var heimfært til 2. mgr. 244. gr og refsing ákærða hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi.

Þessi dómur er kominn nokkuð til ára sinna og Hæstiréttur hér virðist byggja á því að um stórþjófnað sé að ræða meðal annars vegna rúðubrotsins, en eins og áður hefur verið komið inn á þá var á grundvelli eldri hegningarlögunna frá 1869 um stórfelldan þjófnað að ræða ef innbrot var framið með því að komast inn um einhver op, eins og skorstein eða glugga. Einnig var litið til þess að nokkrir menn stóðu saman að innbrotinu og ákærði var einskonar hvatamaður að brotinu. Það að ákærði hafi verið hvatamaður að brotinu stafaði líklegast af því að hann var miklum mun eldri en drengirnir sem tóku þátt í brotinu með honum. Virðist hér sem þátttaka ákærða hafi verið lítil, þ.e. þátttaka hans fólst „einungis“ í því að standa á verði, en vegna háttsemi sinnar við brotið var metið sem svo að heimfæra bæri þjófnaðarbrot hans til 2. mgr. 244. gr. hgl.

Hrd. 1948, bls. 94. Ákærði fór að nærþeli til þjófnaðar, um opinn glugga inn í íbúð. Inn í íbúðinni var sofandi fólk. Þýfið var ekki mjög verðmætt en engu að síður var brot hans talið varða við 2. mgr. 244. gr. hgl. Auk þessa þjófnaðarbrot var ákærði einnig dæmdur fyrir nokkur önnur brot og refsing hans hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi.

Hér eins og í dómnum á undan eimir eftir af gömlu hegningarlögunum þar sem brotamaður hér fór inn um opinn glugga að nærþeli til þjófnaðar. Tekið er sérstaklega fram að sofandi fólk hafi verið í íbúðinni. Hæstiréttur tiltók hér ekki hvað réði úrslitum um að heimfæra bæri

brotið undir 2. mgr. 244. gr. hgl. og má því draga þá ályktun að sú ákvörðun hafi byggst á grunni þess hvernig slík brot voru dæmd meðan eldri hegningarlögin frá 1869 voru í gildi. Hér var það því verknaðraðferðin við sem réði niðurstöðu um að vísað var til 2. mgr. 244. gr. hgl. Nánar tiltekið, hefði aðferðin við verknaðinn verið vítaverð.

Hrd. 1977, bls. 436. Tveir menn A og B voru hér dæmdir fyrir nokkur brot, þar af nokkur þjófnaðarbrot. Eitt brotið varðaði þjófnað á hrossum. Frömdu þeir þjófnað á nokkrum hrossum í sameiningu auk þess sem A var einn á ferð við þjófnað á enn fleiri hrossum. Reyndu þeir að selja nokkur hrossin en slátruðu öðrum. Var þjófnaðurinn á hrossunum talinn varða við 2. mgr. 244. gr. hgl., en hann taldist stórfelldur. B var dæmdur til fangelsisvistar í þrjá mánuði og auk þess til 9 mánaða sem frestast skyldu til þriggja ára. Við ákvörðun viðurlaga A var höfð hliðsjón af fyrri sakaferli og því að hann var forgöngumaður að brotunum og var refsing hans ákveðin 24 mánuðir.

Hér réð úrslitum að brotin voru fjölmörg auk þess að ákærðu frömdu brotin í sameiningu. Af þjófnaðarandlaginu²⁵ sjálfu má ráða að það hafi verið verðmætt. Hross má telja verðmæta vöru og má því segja að verðmætamatið ásamt hinum fyrrnefndu þáttum hafi ráðið heimfærslu til 2. mgr. 244. gr. hgl. Taka má fram að hér var um að ræða víðtæka brotastarfsemi, þ.e. ákærðu stunduðu hrossaþjófnaðinn markvisst. Leiða má líkum að því að slíkt athæfi hafi verkað til refsipýngingar hér, þó ekki hafi það komið fram berum orðum í dóminum sjálfum.

4.3. Dómar þar sem þjófnaðarbrot er sagt stórfelld án þess þó að vísað hafi verið til 2. mgr. 244. gr. hgl.

Í eldri hegningarlögunum frá 1869 voru þjófnaðarbrot flokkuð sem einföld brot og stórfelld brot og voru stórfelldu brotin nefnd sérstaklega í lögunum, þ.e. hver þau væru. Eftir tilkomu almennu hegningarlaganna frá 1940 var erfiðara að flokka brotin niður sérstaklega. Einhver atriði sem litið er til, er að finna í 2. mgr. 244. gr. hgl. en að öðru leyti veltur það á dómstólum að vega og meta hvaða þjófnaðarbrot teljast stórfelld brot. Oft er hægt að sjá í texta dóma orðin „stórfelld brot“ eða „stórfelldur þjófnaður“. Í þeim dómum þar sem slík orð er að finna má auðveldlega sjá að brotin eru metin stórfelld. Í nýlegum dómum er þetta orðalag oft að finna, en eldri dómar eru oftast stuttar og því erfiðara að sjá og meta hvort brot sé metið stórfelld eður ei út frá orðalagi sem þessu.

²⁵ Hugtakið verknaðarandlag er notað um þá fjármuni sem brot bitna á. Ef brotið er gegn 244. gr. hgl. er hugtakið þjófnaðarandlag notað um þá fjármuni sem brot gegn ákvæðinu bitnar á. Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsíabyrgð I*, bls. 37.

Hrd. 1984, bls. 1380. Ákærði var hér dæmdur fyrir nokkur þjófnaðarbrot og var hann dæmdur til 10 mánaða fangelsisvistar. Tekið var fram í héraðsdóminum að ákærði hafi verið síbrotamaður, sem átt hafi langan brotaferil að baki og hafi því verið vanur að brjóttast inn að næturþeli í íbúðir þar sem fólk var sofandi.

Í dóminum var ekki tiltekið hvort brotið hafi verið metið sem stórfellt eður ei, en athugast má hér samanburð við *Hrd. 1948, bls. 94*, en þar var maður dæmdur til refsingar fyrir að hafa brotist inn í íbúð þar sem fólk var í svefni. Um margt svipuð tilvik að ræða, en hér var brot ekki heimfært undir 2. mgr. 244. gr. hgl. þannig að sjá má að eftir því sem árin líða hefur sitthvað breyst í dómaframkvæmd ef miðað er við þetta tilvik. Samt sem áður þá er *Hrd. 1948, bls. 94* gamall dómur og því eru dómarnir tveir ef til vill ekki fyllilega samanburðarhæfir.

Hrd. 1990, bls. 347. Maður ákærður meðal annars fyrir nokkur þjófnaðarbrot, þar af töldust flest þeirra stórfelld. Hafði ákærði framið 8 innbrot og samanstóð þýfið úr þeim innbrotum meðal annars af 490 kg af rækju, á fjórða hundrað þúsund í reiðufé og 21 flösku af áfengi. Brotin metin sem stórfelld vegna verðmætis þýfisins og þess að ákærði sammæltist oft við aðra um framningu brotanna. Héraðsdómur dæmdi hann til 12 mánaða fangelsisvistar, en Hæstiréttur tók upp í dóminn að auki annan óafplánaðan héraðsdóm og dæmdi ákærða til fangelsisvistar í 2 ár og 6 mánuði.

Hæstiréttur metur hér brotin sem stórfelld þjófnaðarbrot og vísar til verðmætis, auk þess sem brotin teljast einnig stórfelld vegna þess að ákærði sammæltist við aðra um framningu brotanna.

Hér er eins og svo oft áður þegar brotið er gegn 244. gr. hgl. um síbrot²⁶ að ræða. Oft sömu mennirnir sem fremja þjófnaðarbrot í sífellu og fléttast því inn í ýmsar refsihækkunarheimildir við ákvörðun viðurlaga, eins og 2. mgr. 77. gr. hgl. (brotasamsteypa)²⁷ auk 78. gr. hgl. (hegningarauki).²⁸

Hrd. 1992, bls. 2007. Tveir menn A og B ákærðir fyrir stórfelld þjófnaðarbrot. Báðir vanaafbrotamenn. Þýfið samanstóð meðal annars af stolnum tékkum að verðmæti 300.000 kr auk þess sem þeir höfðu brotist inn í skartgripaverslun og stolið þaðan skartgripum að verðmæti

²⁶ Jónatan Þórmundsson hefur skilgreint hugtakið síbrot á þann veg að um óljóst hugtak sé að ræða. Það sé fremur afbrotafræðilegt hugtak en lögfræðilegt og hugtakið síbrot sé óljósara en hugtakið ítrekun. Síbrot megi marka á þann veg, „að síbotamanni sé orðið svo hált á afbrotabrautinni, að hann eigi sér ekki viðreisnar von án utanaðkomandi hjálpar og stuðnings“. Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*, bls. 273.

²⁷ Ákvæði 1. mgr. 77. gr. hgl. tiltekur, að ef maður verði, meðan á sama máli standi uppvis að fleiri brotum en enu skuli tiltaka refsinguna í einu lagi, en taka þau þó öll til greina ennfremur segir svo í 2. mgr. 77. gr. hgl. að refsingu skuli tiltaka innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem við brotunum liggja, ef brotin eigi ekki öll undir sama hegningarlagaákvæði þá skuli tiltaka refsingu innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setji.

²⁸ Ákvæði 78. gr. hgl. tiltekur að ef maður, sem búíð er að dæma fyrir eitt eða fleiri brot, verði uppvis að framningu fleiri brota, áður en hann var dæmdur skuli dæma honum hegningarauka sem samsvari þeirri þyngingu hegningar, sem kynni að hafa orðið, ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu.

1.762.040 kr. A var dæmdur til fangelsisvistar í 2 og hálf ár og B í 1 og hálf ár. Höfð var hliðsjón af 255. gr. hgl., sbr. 71. gr. hgl.²⁹. og auk þess varðandi A, 78. gr. hgl.

Hér var um mikil verðmæti að ræða sem ákærðu stálu og því má af þessum dómi sjá að út frá verðmæti hlutanna sem stolið var, má sjá að brotin teljast stórfelld. Ákærðu voru vanaafbrotamenn og við ákvörðun viðurlaga leit Hæstiréttur því einnig til þess við ákvörðun refsingar.

Hrd. 1994, bls. 503. Tveir menn, A og B ákærðir fyrir mörg þjófnaðarbrot, auk fleiri brota. Höfðu þeir meðal annars brotist í sameiningu inn á 5 stöðum, auk þess sem B hafði einn brotist inn á 10 staði til viðbótar. Náðu mennirnir miklum verðmætum sem hlupu á milljónum. Voru brotin metin sem stórfelld og var B dæmdur til 2 ára fangelsisvistar en A til 15 mánaða fangelsisvistar.

Refsing hér var frekar þung en stafaði það af þeim mikla fjölda innbrota sem mennirnir stóðu að og þeim miklu verðmætum sem þeir höfðu á brott með sér. Auk þess þá höfðu þeir einnig báðir gerst sekir um skjalafals og var þeim refsað fyrir þau brot einnig.

Hrd. 1995, bls. 1484. Kona braust inn í einbýlishús og stal miklu magni af skartgripum og öðrum munum. Brotið metið sem stórfellt þjófnaðarbrot. Var hún dæmd til 12 mánaða fangelsisvistar. Við ákvörðun refsingar var einnig höfð hliðsjón af að um ítrekun vari að ræða, konan hefði áður gerst sek um þjófnaðarbrot.

Hér var þjófnaðarbrotið metið stórfellt á þeim grundvelli að um mikið og verðmætt þýfi var að ræða. Við ákvörðun refsingar fyrir brotið var svo einnig höfð hliðsjón af að um ítrekað þjófnaðarbrot var að ræða.

Hrd. 1995, bls. 2235. A og B brutust inn í hús ásamt öðrum manni og höfðu á brott með sér rafmagnstæki að verðmæti um 1.150.000 kr. Höfðu báðir áður gerst sekir um hegningarlagabrot, þar af A áður fyrir þjófnaðarbrot. Voru þeir dæmdir til 9 og 6 mánaða fangelsisvistar. Refsing metin út frá því að þeir höfðu framið innbrot í félagi við aðra og brotið var stórþjófnaður.

Í þessum dómi voru verðmæti sem ákærðu höfðu á brott með sér mikil og mat Hæstiréttur því sem svo að brotið væri stórfellt. Auk þess sem verðmæti þýfisins var mikið var einnig um samverknað að ræða. Við ákvörðun refsingarinnar var einnig haft til hliðsjónar að um ítrekun þjófnaðarbrot var að ræða. Hér voru það því nokkur atriði sem komu til skoðunar við ákvörðun refsingar.

²⁹ Ákvæði 71. gr. hgl. tiltekur að ef lög ákveði eða heimili aukna hegningu eða önnur viðurlög við ítrekun brots, skuli ekki beita þeim ákvæðum nema sökunaturinn hafi, áður en síðara brotið var framið verið dæmdur sekur um brot eða gengist undir refsingu hér á landi fyrir brot, sem ítrekunarhrif hafa á síðara brotið.

Hrd. 1997, bls. 986. Maðurinn A ákærður fyrir líkamsrárás og sex þjófnaðarbrot, þar af stórfelldan innbrotþjófnað í skartgripaverslun. Var sá þjófnaður framinn af A og þremur öðrum mönnum og var andvirði skartgripanna sem stolið var um 7.490.000 kr. Refsing hans ákveðin þriggja ára fangelsisvist.

Hæstiréttur metur hér þjófnaðinn í skartgripaverslunina sem stórfelldan og er það enn og aftur vegna hins mikla verðmætis þýfisins, auk þess stóð ákærði að því innbroti í sameiningu við aðra og því um samverknað að ræða sem verkar allajafna til refsipýngingar.

Hrd. 1998, bls. 2553. Tveir menn dæmdir fyrir þjófnað auk fleiri brota. Brotaferill beggja var langur og alvarlegur og höfðu þeir báðir áður gerst sekir um brot á 244. gr. hgl. Báðir dæmdir til fangelsisvistar í þrjú ár. Við ákvörðun refsingar var höfð hliðsjón af því að þeir höfðu brotist inn margoft á 10 daga tímabili og stolið miklum verðmætum. Brotin voru metin stórfelld.

Hrd. 2004, bls. 3474 (33/2004). Þrír menn A, B og C ákærðir fyrir nokkur þjófnaðarbrot auk fleiri brota, þar af nokkur þeirra stórfelld. A og B brutust inn í verslun og höfðu þaðan á brott með sér tölvur að verðmæti 6.454.839 kr og taldist það brot stórfelld. A og C brutust svo inn í aðra verslun og stálu þar peningum að andvirði 1.174.512 kr. Taldist það brot einnig stórfelld. Önnur þjófnaðarbrot þeirra félaga ekki eins stórvæg. B var dæmdur til 8 mánaða fangelsisvistar og var brot hans dæmt skv. 78. gr. hgl. og höfð hliðsjón af 2. mgr. 70. gr. hgl. A dæmdur til 18 mánaða fangelsis og var refsing hans einnig ákveðin sem hegningarauki samkvæmt 78. gr. hgl. C svo einnig dæmdur í 18 mánaða fangelsi og var refsing hans einnig ákveðin sem hegningarauki.

Þjófnaðurinn hér varðaði mikil verðmæti og var um nokkur brot að ræða og þar að auki var um margítrekuð brot að ræða og hefur það áhrif hér við ákvörðun viðurlaga, þ.e. refsing hér fyrir brotin ákveðin sem hegningarauki samkvæmt 78. gr. hgl.

Hrd. 17. janúar 2008 (543/2007). A var ákærður fyrir nytjastuld og stórfelld auðgunarbrot og var það í þriðja sinn sem hann hlaut refsingu vegna slíkra brota. Samanstóðu brotin meðal annars af innbroti þar sem stolið var ýmsum rafmagnstækjum, að verðmæti 2.381.565 kr, og stuldi á kerru að andvirði 750.000 kr, en kerrunni stal A fyrir utan bensínstöð. Framdi A bæði brotin við annan mann. Auk þessara tveggja brota var A ákærður fyrir önnur þjófnaðarbrot, þar sem hann hafði verið einn að verki. Þar af var þjófnaður á fjórhjólí að verðmæti 1.400.000 kr, þjófnaður á verkfærum úr nýbyggingu, að verðmæti 1.405.000 kr auk þjófnaðar á hjólbörðum og bílkerru úr gámi. Nam verðmæti þeirra 700.000 kr. A var dæmd 18 mánaða refsing.

Hér var A ákærður fyrir fjölmörg brot og voru þau öll stórfelld. Það eru semsagt nokkur atriði hér sem höfðu áhrif á hvaða viðurlög A fékk. Verðmæti þýfisins, ítrekun auðgunarbrotanna, það að brotin eru fjölmörg, auk þess sem um samverknað var að ræða í nokkrum þeirra.

4.4. Dómar þar sem verðmæti þýfis er mikið, en þjófnaðarbrotin ekki sögð stórfelld í dómtexta

Verðmæti þýfis er sá þáttur í broti sem veldur því einna helst að þjófnaðarbrot teljast stórfelld. Í dómum má í mörgum tilvikum sjá að refsing er metin út frá verðmæti þýfis, jafnvel þó ekki sé á það minnst í dóminum sjálfum að brot sé sagt stórfellt.

Verða hér nefndir nokkir dómar þar sem þjófnaðarbrot eru ekki sögð stórfelld í texta dómanna sjálfra en ráða má þó að öðru leyti að þau hafi engu að síður verið metin stórfelld.

Hrd. 1986, bls. 1677. H, S og V ákærðir fyrir þjófnað á 1960 kg af nautakjötsskrokkum. Skrokkunum stálu þeir úr kjötgeymslu. Upplýstist brotið þó það snemma að kjötið komst til skila óskemmt, en ákærðu höfðu ætlað að koma því í verð. Hæstiréttur leit til þess að þrátt fyrir að enginn skaði hefði orðið af verkinu, bæri að líta til aldurs ákærðu, verðmætis þýfisins og þess að brotið hefði verið fyrirfram ákveðið. Ákærðu voru dæmdir til óskilorðsbundinnar refsingar, H og S í þrjá mánuði og V í 4 mánuði.

Hér var vísað til þess að verðmæti þýfisins hafi verið mikið og því má telja að með tilliti til verðmætis þýfisins auk þess sem um samverknað hafi verið að ræða að brotið hafi verið metið stórfellt, þó ekki megi ráða það af texta dómsins sjálfs að brotið hafi verið sagt stórfellt.

Hrd. 2005, bls. 1829 (485/2004). Maður dæmdur til refsingar fyrir að stela utanborðsmótor og rörabát, samtals að verðmæti 3.770.000 kr. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að verðmæti hlutanna væri mikið og auk þess var horft til þess að brot þetta var framið einungis mánuði eftir að ákærði hafði verið dæmdur til 8 mánaða fangelsis fyrir brot gegn 244. gr. hgl. Bæri slíkt vott um skýran brotavilja. Með hliðsjón af 255. gr. hgl. var ákærði dæmdur til 8 mánaða fangelsisvistar.

Hér má sjá að litið var til mikils verðmætis þýfisins við ákvörðun viðurlaga, auk þess sen tekið var fram sérstaklega að um skýran brotavilja hafi verið að ræða. Sjá má að það ber vott um skýran brotavilja að fremja nýtt brot eftir að hafa verið dæmdur til langrar fangelsisvistar fyrir annað þjófnaðarbrot.

Hrd. 8. nóvember 2007 (177/2007). E, vanaafbrotamaður var hér dæmdur fyrir nokkur brot, þar af þjófnað á fartölvu og fylgihlutum. Við ákvörðun refsingar tiltók Hæstiréttur að áætlað verðgildi tölvunnar væri umtalsvert lægra heldur en bótakrafa upp á 10.000.000 kr, sem var að finna í ákæru gerði ráð fyrir. Refsing E var ákveðin fangelsi í 8 mánuði með vísan til 71. gr. hgl. og 78. gr. hgl.

Í þessu tilviki var í ákæru gerð krafa um 10.000.000 kr bætur fyrir tölvuna gegn mótmælum E. Vildi hann meina að verðmætið væri langtum minna. Hæstiréttur leit til þess og sagði verðmæti tölvunnar hafa verið minna en í kröfugerð sagði. Þar af leiðandi var tekið tillit til þessa lægra verðmætis við ákvörðun viðurlaga og skipti það miklu máli fyrir E. Má leiða að því líkum að viðurlög E hefðu orðið þyngri en farið hefði verið eftir upphaflegu kröfugerðinni um verðmæti tölvunnar.

Hrd. 6. mars 2008 (517/2007). Maður var ákærður fyrir fimm þjófnaðarbrot auk fleiri brota. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að um ítrekuð þjófnaðarbrot væri að ræða, um mörg brot væri að ræða, brotavilji hans væri einbeittur og verðmæti þýfisins mikið, en samanlögð verðmæti vegna þjófnaðarbrotanna voru um 2.000.000 kr. Refsing ákærða var ákveðin 2 ára fangelsisvist, en inn í refsingu þessa var felld óafplánuð fangelsisrefsing vegna brots á reynslulausn.

Hrd. 2004, bls. 4849 (274/2004). Tveir menn voru hér dæmdir fyrir nokkra þjófnaði. Brotin samanstöðu meðal annars af innbroti í myndbandaleigu þar sem stolið var ýmsum munum að verðmæti 350.000 kr, innbroti í skóla þar sem stolið var skjávörpum að verðmæti 615.000 kr, auk þjófnaðar á fleiri skjávörpum í öðru innbroti að verðmæti 410.000 kr. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að þeir játuðu brotin greiðlega en aftur á móti þá varð að taka tillit til þess einnig að brotin voru framin í félagi við aðra og vörðuðu veruleg verðmæti.

Hér er tekið fram að brotin hafi varðað veruleg verðmæti. Má þá sjá af slíku orðalagi að brotin séu talin alvarlegs eðlis.

5. Niðurstöður

Þjófnaðarbrot eru mjög algeng brot, og eru meðal þeirra brota á hegningarlögunum sem eru hvað algengust. Oftast nær er um smáþjófnaði að ræða, búðahnúpl og svo framvegis og rata slík mál ekki alltaf á borð dómstóla. Eitt einkenni þjófnaðar er leyndin og því kemst ekki upp um öll þjófnaðarbrot.

Stórfelld þjófnaðarbrot sem hér hafa verið gerð að umfjöllunarefni eru eins og nafnið bendir til umfangsmikil brot sem varða mikla hagsmuni. Fyrr á öldum voru þau auðgreind frá hinum minni brotum, þ.e. einföldum þjófnaðarbrotum í sér lagaákvæði og var því nokkuð greið leið að dæma menn fyrir stórþjófnað, á grundvelli þjófnaðarandlagsins. Í ákvæðinu voru einnig nefndar vissar verknaðaraðferðir sem þóttu sérstaklega vítaverðar og á fyrstu árunum eftir að hegningarlögin frá 1940 voru sett, sést að enn eimir eftir af eldri hegningarlögum. Sést meðal annars við refsíákvörðun í *Hrd. 1948, bls. 94*. Brotið var þar strax flokkað sem stórfellt þjófnaðarbrot á grundvelli 2. mgr. 244. gr. hgl. vegna þeirra aðferðar sem höfð var við þjófnaðinn, en ákærði hafði farið inn um glugga á heimili fólks, um nótt, í þjófnaðarskyni.

Flokkun stórfelldra þjófnaðarbrot er um margt erfið, því ekkert eitt ákvæði segir til um hvaða þjófnaðarbrot sé stórfellt og hvaða brot ekki. 2. mgr. 244. gr. hgl. upptelur nokkur atriði sem einkenna stórfelld þjófnaðarbrot. Er þó ekki tæmandi listi um það og má því þá best sjá af dómum til hvaða atriða er litið við ákvörðun viðurlaga fyrir stórfelld þjófnaðarbrot.

Við skoðun á dómum má sjá að ekki er oft vísað til 2. mgr. 244. gr. hgl., og eru aðeins örfáir dómar þar sem þjófnaðarbrot er heimfært undir það ákvæði og eru þeir dómar flestir komnir til ára sinna. Virðist því af því að dæma að meira virðist hafa verið vísað í 2. mgr. 244. gr. hgl. í dómum fyrir á árum. Þó má sjá einn dóm, rúmlega 10 ára gamlan, *Hrd. 1999, bls. 3975*, þar sem vísað var í ákvæðið.

Í dómum má svo oft sjá hugtökin „stórfellt brot“, „stórfelld þjófnaðarbrot“ og svo framvegis og hefur því myndast viss venja um hvaða brot teljast stórfelld. Langoftast eru brot talin stórfelld vegna mikils verðmætis þýfis og er það svo um flesta dómanna sem hér hafa verið teknir saman. Einnig er mjög algengt að brot teljist stórfelld vegna þess að tveir eða fleiri menn standi saman að þjófnaði. Af dómum má svo sjá að nokkur atriði eru metin hinum brotlegu til refsipýngingar. Getur jafnvel þjófnaðarbrot þar sem þjófnaðarandlag er lítils virði, verið metið sem alvarlegra brot.

Þjófnaðarbrot sem og önnur auðgunarbrot eru oft ítrekuð brot. Sömu mennirnir gerast sekir um þjófnað aftur og aftur og við ákvörðun viðurlaga fyrir brotin þarf því alltaf að líta til þess. Er í slíkum tilvikum torvelt að draga ályktun um hvaða refsingu viðkomandi hefði fengið ef aðeins væri um þetta eina brot að ræða. Er því erfitt að gera samanburð á milli refsinga fyrir brot því það er um margt matskennt í hverju tilviki. Má þó sjá að í dómunum sem teknir hafa verið fyrir hér að refsingar eru í langflestum tilfellum lengri en þrjú mánuðir. Yfirleitt talsvert lengri, en mjög löng refsing getur stafað af mörgum atriðum sem fléttast saman, nefna má sem dæmi 78. gr. hgl., 77. gr. hgl. auk brota á skilorði og rofs á reynslulausn.

Ákvæði 2. mgr. 244. gr. hgl. hefur að geyma sérstaka refsihækkunarheimild. Þ.e. fyrir stórfelld brot gegn 244. gr. hgl. er hægt að gera það skilyrði að refsing sé eigi lægri en þrjú mánuðir. Samkvæmt umfjöllunni um stórfelld brot er því hægt að álykta sem svo að Hæstiréttur líti að einhverju leyti til þessa ákvæðis þegar refsing er ákveðin fyrir stórfellt þjófnaðarbrot. Jafnvel þó ekki sé vísað til greinarinnar beint í dómunum.

Hugtakið „stórfellt þjófnaðarbrot“ getur verið svolítið matskennt en engu að síður þá virðist vera kominn einhverskonar mælikvarði á til hvaða atriða er litið. Í nýlegum dómum er yfirleitt skrifað í nokkuð löngu máli um refsiakvörðun brotamanns og á hvaða rökum hún er byggð. Í eldri dómum er oft erfiðara að finna slík rök. Oft á tíðum eru þeir mjög stuttir og af þeim er því erfiðara að meta hvað það var sem í raun og veru ákvarðaði hvaða refsingu viðkomandi hlaut, þ.e. hvort byggt væri á einhverju sem varðaði huglæga afstöðu brotamanns til brotsins og svo framvegis. Hefur því hér meira verið fjallað um nýlegri dóma. Af þeim má sjá eins og áður segir ýmis rök sem tínd eru til sem áhrif hafa á ákvörðun viðurlaga. Bæði í

dómum þar sem tiltekið er í dómtexta að brot sé stórfellt, og hinsvegar í dómum þar sem ekkert slíkt orðalag er að finna, en sjá má af rökum fyrir refsíákvörðun að brotið sé talið stórfellt.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Gizur Bergsteinsson: „Auðgunarbrot“. *Úlfjótur*. 2. tbl. 1955, bls. 3- 17.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*. Reykjavík 1999.

Jónatan Þórmundsson: *Auðgunarbrot og nokkur skyld brot, fyrra hefti*. Reykjavík 1975.

Jónatan Þórmundsson: *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík 1992.

Jónatan Þórmundsson: „Auðgunarásetningur“. *Afmælisrit. Línæla*. Reykjavík 2001, bls. 339-357.

Lovsamling for Island: 1868-1870, 10. bindi. Kaupmannahöfn 1887.

Vefsíða ríkislögreglustjóra: „Afbrotatölfræði 2007“, <http://www.rls.is> (skoðað 15.apríl 2009).

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1940, bls. 468

Hrd. 1968, bls. 94

Hrd. 1961, bls. 124

Hrd. 1977, bls. 436

Hrd. 1984, bls. 1380

Hrd. 1986, bls. 1677

Hrd. 1990, bls. 347

Hrd. 1992, bls. 2007

Hrd. 1995, bls. 1484

Hrd. 1995, bls. 2235

Hrd. 1997, bls. 986

Hrd. 1998, bls. 2553

Hrd. 1999, bls. 3975 (312/1999)

Hrd. 2004, bls. 3304 (177/2004)

Hrd. 2004, bls. 3474 (33/2004)

Hrd. 2004, bls. 4849 (274/2004)

Hrd. 2005, bls. 1588 (484/2004)

Hrd. 2005, bls. 1829 (485/2004)

Hrd. 3. maí 2007 (42/2007)

Hrd. 8. nóvember 2007 (177/2007)

Hrd. 17. janúar 2008 (543/2007)

Hrd. 8. maí 2008 (499/2007)

Hrd. 5. júní 2008 (622/2007)

